



# Öryggisleiðbeiningar (MSDS)

Samkvæmt reglum Vinnueftirlits ríkisins nr. 602/1999 og tilskipunum 91/155/EEC og 93/112/EEC.

## 1. Söluheiti efnis eða vörutegundar. Nafn, heimilisfang og sími íslensks framleiðanda, innflytjanda eða seljanda.

Söluheiti vöru: **SHIELD (AEROSOL)**

Dreifingaraðili: OLÍUVERZLUN ÍSLANDS hf., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, sími 515 1000

Öryggisleiðbeiningar: EFNAVERND, Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130

Neyðarlínan; sjúkrabífreidd, slökkvilið og lögregla: sími 112

Eitrunarupplýsingastöð Landspítala, Fossvogi, Reykjavík: sími 525 1111

## 2. Samsetning / upplýsingar um innihald.

CAS-nr.:	EB-nr.:	Efnahæiti:	Styrkur %:	Hættuflokkun:
64742-82-1	265-185-4	Hrábensín (úr jarðolíu), brennisteinssneytt með vetni, þungt	60 - 80	T H45-65
68476-85-7	270-704-2	Jarðólúgas, fljótandi	10 - 30	T, Fx H45-12

Varnaðarmerking - sjá lið 15.

Texti hættusetninga - sjá lið 16.

## 3. Varúðarupplýsingar.

Afar eldfimt. Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð. Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

Skaðlegt vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.



## 4. Skyndihjálp.

**Við innöndun:** Flytjið slasaða strax í ferskt loft. Látið hann hvílast og haldið á honum hita. Leitið lækni.

**Snerting við húð:** Þvoiid húðina vandlega með miklu vatni og sápu. Berið mýkjandi krem á húðina.

**Snerting við augu:** Skolið strax vandlega með nægu vatni í a.m.k. 15 mínútur með augað vel opið; lyftið augnlokum. Leitið lækni ef erting er viðvarandi.

**Við inntöku:** Skolið munn og háls vandlega með vatni. Framkallið EKKI uppköst. Leitið umsvifalaust lækni.

## 5. Bruni / aðferðir við að slökkva eld.

**Efni/aðferðir:** Heppileg slökkviefni eru froða, duft eða kolsýra. Haldið lokuðum umbúðum með efninu á hættusvæðinu köldum með vatnsúða.

**Sérstök hættu:** Við upphitun eða bruna myndast yfirþrýstingur í umbúðunum og þær geta sprungið. Innihaldið bætir við eldinn.

## 6. Efnaleki.

Fjarlægjið allt sem valdið getur íkveikju og reykið ekki. Loftræstið vandlega svæðið þar sem lekinn

varð. Notið óvirk ísogsefni til að hefta og hreinsa upp efni sem fer niður og látið í viðeigandi og merkt ílát til förgunar. Skolið mengað svæði með vatni.

### 7. Meðhöndlun og geymsla.

*Meðhöndlun:* Tryggið góða loftræstingu í vinnurými. Forðist mikinn hita, opinn eld og neistagjafa. Forðist snertingu við augu. Þrýstihylki; hlífið við sólarljósi og hita yfir 50°C. Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm. Úðið ekki á eld eða glóandi hluti.

*Geymsla:* Geymist á köldum og þurrum stað, varið gegn beinu sólarljósi og hita.

### 8. Eftirlit með mengun / persónulegur hlífðarbúnaður.

*Tæknilegar aðgerðir:* Tryggið góða loftræstingu í vinnurými.

*Mengunarmörk:* Jarðolúgas: (LT EXP 8 klst.) 1000 ppm

*Persónuhlífar;*

*Öndunargrímur:* Ekki nauðsynlegar við venjulegar aðstæður. Notið viðeigandi öndunargrímu ef loftræsting er ekki fullnægjandi eða hætta er á að efnagufur í andrúmslofti fari yfir mengunarmörk.

*Fyrir augu:* Hlífðargleraugu ef hætta er á að efnið berist í augu.

*Fyrir hendur:* Efnapolnir hlífðarhanskar við endurtekna eða langvarandi notkun.

*Fyrir húð:* -

*Hreinlæti við vinnu:* -

### 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.

*Ástand / útlit / lykt:* Vökvi í þrýstihylki / - / leysiefnalykt

*Sýrustig (pH):* -

*Bræðslumark:* -

*Suðumark:* -

*Blossamark:* U.þ.b. 37°C (þykkni) (Closed cup)

*Sprengimörk; neðri - efri:* -

*Gufuþrýstingur:* -

*Seigja:* -

*Eðlisþyngd:* -

*Leysni:* Leysist ekki í vatni

### 10. Stöðugleiki og hvarfgirni.

*Stöðugleiki:* Efnið er stöðugt við venjulegar aðstæður.

*Aðstæður sem skal forðast:* Hiti, opinn eldur og annað sem valdið getur íkveikju.

*Efni sem skal varast:* -

*Hættuleg niðurbrotsefni:* -

### 11. Eiturfræðilegar upplýsingar.

*Við innöndun:* Ertir efri hluta öndunarfæra. Veldur höfuðverk og svima.

*Snerting við húð:* Ertandi.

*Snerting við augu:* Ertandi.

*Við inntöku:* Óþægindi í maga og önnur einkenni.

*Bráð eiturhrif:* -

*Langtímaáhrif:* -

### 12. Hættur gagnvart umhverfinu.

*Hegðun í umhverfinu:* -

Líffræðileg áhrif: -  
 Aðrar vistfræðilegar uppl.: Látið efnið ekki berast ómeðhöndlað út í umhverfið.

**13. Förgun.**

*Förgun vörunnar:* Endurvinnið ef hægt er. Notað efni og skemmt, afgangar og menguð ísogsefni skilist á móttökustöð fyrir spilliefni.  
*Förgun umbúða:* Menguðum umbúðum skal farga á sama hátt og vörunni sjálfri. Hreinum umbúðum má farga eða endurvinna á sama hátt og almennu sorpi, ef annað kemur ekki fram í reglum.

**14. Flutningur.**

<i>Flutningur á landi:</i>	ADR/RID flokkur: 2	UN-nr.: 1950	Númer og bókstafur:
	Nafn efnis:		
	Varúðarmerki:	Hættunr.:	Pökkunarflokkur:
<i>Flutningur á sjó:</i>	IMDG flokkur: 9	UN-nr.:	Pökkunarflokkur:
	Ems:	MFAG:	
	Nafn efnis:		
	Varúðarmerki:		Sjávarmengandi:
<i>Flutningur í lofti:</i>	ICAO/IATA flokkur: 2	UN-nr.:	Pökkunarflokkur:
	Nafn efnis:		Varúðarmerki:

Vinnueftirlit ríkisins gefur upplýsingar um reglur um flutninga á hættulegum efnum.

**15. Upplýsingar um lög, reglugerðir eða reglur sem varða notkun efnisins eða vörutegundarinnar.**

Varnaðarmerkingar skv. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilskipunum ESB:



Varnaðarmerki: Fx, Xn

Inniheldur: -

*H - setningar:* H43 Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð.  
 H66 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.  
 H52/53 Skaðlegt vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

*V - setningar:* V23 Varist innöndun gufu/úða.  
 V24/25 Varist snertingu við húð og augu.  
 V16 Haldið frá hita- og neistagjöfum - Reykingar bannaðar.  
 V37 Notið viðeigandi hlífðarhanska.  
 V51 Má aðeins nota á vel loftræstum stað.  
 V61 Forðist losun út í umhverfið. Athugið sérstakar ráðleggingar / öryggisleiðbeiningar.  
 (V2) GEYMIST ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.

Þrýstihylki: Hlífið við sólarljósi og hita yfir 50°C. Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm. Úðið ekki á eld eða glóandi hluti.

Íslensk sérlög, reglugerðir eða reglur sem um vöruna gilda:

Reglur nr. 765/2001 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efnafræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

**16. Aðrar upplýsingar.**

*Gert þann:* 17-03-04

*Dagsetning frumrits:* 09-01-03

*Breytt þann:* - *Breyttir liðir:* -

*Gert fyrir:* OLÍUVERZLUN ÍSLANDS hf., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, sími 515 1000

*Unnið af:* EFNAVERND, Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130 / FF

*Texti hættusetninga sem fram koma í lið 2:*

H12 Afar eldfimt.

H45 Getur valdið krabbameini.

H65 Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku.

*Annað:* Þeir sem vinna með efnið þurfa að vera upplýstir um hættulega eiginleika þess og um nauðsynlegar varúðarráðstafanir við meðhöndlun. Tryggja þarf að nauðsynlegar persónuhlífar og öryggisbúnaður sé fyrir hendi.

Þessar öryggisleiðbeiningar eru unnar eftir MSDS frá ARROW CHEMICALS LTD, Derbyshire, UK.